


Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. nóvember 2011

Tilvísun: UST20111100126/þek

## Varnargarðar í Jökulsá á Fjöllum, við Herðubreiðalindir - umsögn

Umhverfisstofnun vísar til erindis Skipulagsstofnunar dags. 4. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmd vegna varnargarða í Jökulsá á Fjöllum við Herðubreiðalindir skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

### Lýsing framkvæmdar

Markmið framkvæmdar er að færa Jökulsá á Fjöllum í sinn gamla farveg við austurbakka sandeyra sem áin flæðir um. Gert er ráð fyrir að byrjað verði á því að fara 1500 m niður fyrir þann ál sem nú rennur til vesturs og fara að austurbakkanum þar sem áin rann áður og ýta efni til vesturs og nota í varnargarð. Gert er ráð fyrir að flytja efni úr árfarveginum 50-70 m til vesturs. Gert er ráð fyrir að varnargarðurinn verði um 1,5 m á hæð og brattari að austan en langur flái að vestan til. Ekki er gert ráð fyrir að varnargarðurinn komi til með að valda umtalsverðum sjónrænum áhrifum. Gert er ráð fyrir að dýpt rásarinnar austan varnargarðsins sé um 1,5-2 m við álinn sem nú rennur til vesturs og mun áin falla ofan í þennan nýja farveg. Gert er ráð fyrir að eyrarnar verði jafnaðar og varnargarðurinn framlengdur til móts við garðana sem þegar hafa verið gerðir.

### Náttúru- og menningarminjar

Svæðið er friðlýst með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 272/1974. Í friðlýsingarskilmálum er tekið fram að jarðrask og mannvirkjagerð er óheimilt á friðlandinu án leyfis Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skerða gróður, skaða dýralíf eða spilla vatni á friðlandinu.

### Athugasemdir Vatnajökulsþjóðgarðs

Umhverfisstofnun leitaði álits Vatnajökulsþjóðgarðs á umræddri framkvæmd dags. 17. nóvember sl. en Vatnajökulsþjóðgarður hefur haft umsjón með Herðubreiðarfriðlandi skv. samningi við Umhverfisstofnun sem gerður var árið 2008. Í umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs sem barst Umhverfisstofnun dags. 21. nóvember sl. kemur fram að með hliðsjón af fyrri framkvæmdum á svæðinu og vilja Vegagerðarinnar til framkvæmda nú, þá sé það álit þjóðgarðsyfirvalda Vatnajökulsþjóðgarðs að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði takmörkuð. Þar kemur til að efnisnám er allt fyrirhugað úr farvegi Jökulsár og ætti því ekki að hafa sýnileg áhrif í för með sér. Staðsetning garðsins sjálfs er áætluð í núverandi farvegi árinna, og verður að líkendum einungis sýnilegur þegar komið er syðst í nyrðri hluta Lindahrauns. Efnisgerð er að öllu leyti sú sama og á eyrunum í kring og engin grjótvörn, sem gerir það að verkum að hann muni falla svo vel að landslagi



sem frekast er unntað teknu tilliti til forms garðsins og stærðar hans. Þá eru áætlaður flái á garðinum vestanverðum til þess fallinn að auka líkur á að hann falli sem best að umhverfinu og því gert ráð fyrir að ásýnd hans muni verða með svipuðum hætti og garðar frá 2010. Þeir garðar eru litið áberandi frá vegi.

Vatnajökulsþjóðgarður leggur áherslu á mikilvægi þess að einungis verði notuð ein aðkomuleið að vinnusvæðinu og hún verði valin í samráði við eftirlitsaðila. Að sama skapi er lögð áhersla á góðan frágang framkvæmdarinnar og að unnið verði í samvinnu við eftirlitsaðila friðlandsins líkt og Vegagerð áætlar. Miðað við áætlanir framkvæmdarinnar er um afturkræfa aðgerð að ræða að mati Vatnajökulsþjóðgarðs. Að sama skapi er afar ósennilegt annað en að mannvirkið hverfi með öllu á nokkrum árum verði vatnagangur viðlíka og undanfarin sumur. Sem stendur þá er aðgerðin einfaldasta lausnin í stöðunni eigi að halda veginum opnum, ellegar verði að breyta legu hans með því að fara vestur og suður hraunið sem hefði í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og rask á nútímahrauni að mati Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun tekur undir álit Vatnajökulsþjóðgarðs sem útlistað er hér að ofan en stofnunin bendir jafnframt á að leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun er því eftirlitsaðili með umræddri framkvæmd.

Umhverfisstofnun vill að auki benda á að framkvæmdin samræmist ekki gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps en verið er að vinna að nýju skipulagi.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur líklegt að umrædd framkvæmd komi til með að hafa lítillega áhrif á rennsli Jökulsár á Fjöllum en ekki er líklegt að þau áhrif komi til með að skaða lífríki árinnar. Færð verða til laus jarðlög úr farvegi árinnar og eru áhrif þess talin vera lítil og afturkræf. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin komi til með að hafa jákvæð áhrif á gróður á landi þar sem komið verður í veg fyrir frekara jarðvegsrof á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin komi til með að hafa nokkur áhrif á landslag svæðisins á framkvæmdatíma en þau áhrif verði að mestu leyti afturkræf og að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði takmörkuð. Umhverfisstofnun telur því ekki líkur á því, ef þeim skilyrðum sem sett verða í leyfi fyrir framkvæmdinni verði fylgt, að framkvæmdin komi til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst


  
Birna Guttormsdóttir

Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Bergþóra Kristjánsdóttir

Bergþóra Kristjánsdóttir  
sérfræðingur





Læsingarþingar: Hafnarfjörður  
Hverfis Ísl. Loftmyndir og myndarhefti  
Lofthólfur  
Fuglafjörður  
Kálfafjörður

